

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Klafastaðavegur 5, 7 og 9 - breyting á deiliskipulagi.

Breytingin felst í að skýra nánar fyrirkomulag og afmörkun lóðanna, einkum hvað varðar yfirbragð, nýtingu og aðstöðu innan svæðisins og að nýting lóðanna verður geymslusvæði. Byggingarreitum á lóðum nr. 7 og 9 er breytt og við bætast sérskilmálar fyrir nýtingu og frágang lóða. Lóðir skulu vera afmarkaðar með girðingum en ekki milli þessara lóða. Lóðastærð, nýtingarhlutfall og byggingarmagn haldast óbreytt.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 23. október 2025.

F.h. Hvalfjarðarsveitar,
Jökull Helgason skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 6. nóvember 2025